

Reykjanesbær
Gunnar Kristinn Þór Ottósson
Tjarnargötu 12
230 Reykjanesbær

Reykjavík, 4. september 2024
UST202408-016/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Breyting á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 og breyting á deiliskipulagi Helguvíkur fyrir iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði, I1, AT15 og H1

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Reykjanesbæjar er barst 2. ágúst sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu að breytingu á aðalskipulagi Reykjanesbæjar 2020-2035 og breytingar á deiliskipulagi Helguvíkur fyrir iðnaðar-, athafna- og hafnarsvæði, I1, AT15 og H1

Í greinargerð kemur fram að breyta þarf afmörkun á iðnaðar- og hafnarsvæðum í aðalskipulagi og skilmálum fyrir lóðirnar Stakksbraut 4 og 15 til að koma fyrir inn- og útflutningsstarfsemi, geymslusvæði skipaeldsneytis og endurskilgreina mörk hafnar- og iðnaðarsvæða.

Vatn

Í greinargerð segir að þar sem svæðið sem breytingarnar ná yfir er að mikið raskað, landið er flokkað sem manngert land skv. vistgerðarkortlagningu Náttúrufræðistofnunar og breytingin er ekki álitin líkleg til að hafa áhrif á vatnabúskap svæðisins, þá eru áhrif á líffræðilegan fjölbreytileika og grunnvatn talin óveruleg eða engin og að ekki sé ástæða til að fjalla frekar um þau í umhverfismati.

Umhverfisstofnun bendir á að þar sem tillagan getur haft áhrif á grunnvatn og sjó þarf að fjalla um áhrif tillögunnar á vatn í samræmi við lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og vatnaáætlun 2022-2027¹ í greinargerð. Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árosavatn, strandsjó).

Fram kemur í 28. gr. laganna þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun og lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Jafnframt kemur fram að við afgreiðslu umsóknar um leyfi til nýtingar vatns og við aðra leyfisveitingu til framkvæmda á grundvelli vatnalaga, laga um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu og um leyfi á

¹ [Vatnaáætlun 2022-2027](#).

grundvelli skipulagslaga og laga um mannvirki skal leyfisveitandi tryggja að leyfið sé í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar. Sveitarfélagið þarf að fjalla um og meta áhrif skipulagsins á vatnshlot þar sem það á við (þar sem fyrirséð er álag á vatn).

Grunnvatnshlotið Rosmhvalanes 2 (104-115-2-G) er á fyrirætluðu framkvæmdasvæði, en neysluvatn til íbúa og iðnaðar á svæðinu er fengið úr vatnshlotinu. Ástand vatnshlotsins hefur verið metið í hættu á að ná ekki umhverfismarkmiðum um gott efnafræðilegt ástand vegna mikils efnafræðilegs álags. Einnig er strandsjávahlotið Hafnir að Gróttu (104-1382-C) á framkvæmdarsvæðinu sem hefur umhverfismarkmið um gott vistfræðilegt og efnafræðilegt ástand. Ástand vatnshlotsins er óþekkt og er því óflokkað vegna skorts á gögnum.

Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að framkvæmdaraðilar séu upplýstir um að áhrifamat á þau vatnshlot sem verða fyrir beinum eða óbeinum áhrifum af þeirri starfsemi sem fyrirhuguð er á svæðinu þarf að liggja fyrir áður en leyfi fyrir framkvæmdir og/eða starfsemi er veitt. Þau framkvæmdaleyfi sem sveitarfélagið gefur út þurfa að vera í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.

Einnig bendir Umhverfisstofnun á að ef áhrifamatið leiðir í ljós hnignun eða mögulega hnignun á vatnshloti skv. 18 gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála getur framkvæmdaraðili óskað eftir heimild stofnunarinnar til breytingar á vatnshloti.

Varnir gegn olíumengun

Varðandi Stakksbraut 4, þá bendir Umhverfisstofnun á kröfur í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. Að auki, þar sem lóðin Stakksbraut 4 er í útjaðri hafnarinnar, opin fyrir hafi, þá er mikilvægt að hönnun lekavarna og brimvarna taki mið af því.

Mengaður jarðvegur

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 13. gr. reglugerðar nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg skulu sveitarfélög taka mið af skrá yfir svæði þar sem er mengaður jarðvegur, eða þar sem grunur er um mengun, sbr. 11. gr., við gerð skipulags. Stofnunin vinnur nú að skránni en bendir á að sveitarfélagið skal samkvæmt reglugerðinni taka mið af svæðunum þar sem grunur er um mengun.² Mikilvægt er að kortleggja þessi svæði eins nákvæmlega og hægt er og bregðast við með viðeigandi ráðstöfunum ef á skipulagssvæðinu er mengaður jarðvegur.

Starfsleyfi

Stofnunin bendir á að skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal allur atvinnurekstur, sem sótt er um starfsleyfi fyrir, vera í samræmi við

² https://ust.is/atvinnulif/mengandi-starfsemi/mengadur-jardvegur/ataksverkefni/?fbclid=IwAR2u6Bjte8BfiDoCK9pY2VY8Vw_LmOjxKDxGVuUujhxcHKj5TZ8h3fV7dXk

skipulag. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fram komi með skýrum hætti í skipulagstillögunni hvar leyfilegt sé að vera með starfsemi sem er starfsleyfisskyld hjá Umhverfisstofnun, eða heilbrigðisnefnd, til að hægt sé að meta hvort starfsemin samræmist skipulagi, skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Lífríki

Umhverfisstofnun bendir á að skipulagssvæðið er skilgreint sem mikilvægt fuglasvæði samkvæmt NÍ³ og því þarf að fjalla um svæðið, grunnástand og áhrif tillögunnar á fuglalífið.

Umhverfisáhrif

Umhverfisstofnun bendir á að þó svo að svæðið sé manngert þarf að meta áhrif skipulagstillögunnar, framkvæmda og starfseminar á svæðinu á fuglalíf, loftslagsmál, loftgæði, hljóðvist, lífríki, vatn og lífríki í fjöru.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri